

SJÁLFSMATSSKÝRSLA GRUNNSKÓLA  
ÖNUNDAFJARÐAR

2015-2016

---

VIRÐING-METNAÐUR- GLEÐI-ÁBYRGÐ

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Sjálfsmatsáætlun veturinn 2015-2016.....	4
Um Grunnskóla Önundarfjarðar .....	4
Úrbætur og árangur frá síðasta mati.....	5
Innra mat.....	6
Nemendur .....	6
Námsráðgjöf .....	7
Félagslíf og tómstundir nemenda.....	9
Námsárangur .....	9
Ábyrgð nemenda á eigin námi .....	9
Starfsfólk og starfsmannastjórnun .....	10
Samvinna starfsfólks .....	10
Ytra mat .....	11
Skólapúlsinn 2015-16.....	11
Nemendakönnun í október .....	11
1. Virkni nemenda í skólanum.....	11
2. Líðan og heilsa.....	12
3. Skóla- og bekkjarandi.....	13
Nemendakönnun í apríl.....	14
1. Virkni nemenda í skólanum.....	14
2. Líðan og heilsa.....	14
3. Skóla- og bekkjarandi .....	15
Foreldrakönnun.....	16
Starfsmannakönnun.....	18
Endurmenntun.....	18
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf.....	18
Áætlun um sjálfsmat 2016-2020.....	19

## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein nýrra grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að vinna að markvissu sjálfsmati. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Allt skólaárið verður sjálfsmatið að vera virkt því þetta er langtímavinna, með langtímamarkmið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og liður í þróun og vexti hvers skóla.

Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð. <http://www.althingi.is/altext/135/s/1114.html>  
Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að fylgjast með mati og eftirliti með gæðum skólastarfs en skólanna að framkvæma mat, sbr. 5., 6. og 37.gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur. Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggt á upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-efirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf>

## Sjálfsmatsáætlun veturinn 2015-2016

Kennarar og skólastjóri Grunnskóla Öndunarfjarðar ákváðu á kennarafundi þann 2. september 2015 að taka fyrir eftirfarandi þætti:

### Innra mat:

1. Nemendur
2. Starfsfólk og starfsmannastjórnun

### Ytra mat

3. Skólapúlsinn: Tvær rafrænar kannanir sem verða lagðar fyrir 6.-8. bekk, önnur í október og hin í apríl. Sömu spurningar eru lagðar fyrir í bæði skiptin og fjalla þær um nám og líðan nemenda í skólanum. Þessar spurningar eru hannaðar af þeim sem reka Skólapúlsinn og kaupir skólinn þessa þjónustu en í henni felst að fyrirtækið útbýr spurningalista sem eru lagðir fyrir tvisvar á vetri og sendir skólanum niðurstöðurnar en kennarar vinna síðan úr þeim. Einnig voru lagðar fyrir kannanir fyrir foreldra annars vegar og hins vegar starfsfólk.

## Um Grunnskóla Öndunarfjarðar

Grunnskóli Öndunarfjarðar er heildstæður, starfræktur frá 15. ágúst til 10. júní. Hann hefur verið starfræktur síðan 1903 og þá voru 25 nemendur í fjórum aldursárgöngum. Þegar nemendahópurinn var stærstur voru yfir 100 nemendur við skólann.<sup>2</sup> Íþróttahús og sundlaug eru við skólann og nýtast því vel í skólastarfinu enda stutt að fara. Á vefsíðu skólans <http://grunnskooliflateyri.wix.com/grunnskooliflateyri> er að finna almennar upplýsingar um skólann og starfsfólk hans. Einnig er skólinn með facebooksíðu þar sem myndir og fréttir eru settar inn reglulega.

---

<sup>2</sup> Skólahald á Flateyri eftir Gunnlaug Finnsson; 2003

## Úrbætur og árangur frá síðasta mati

Verkefni	Leiðir að úrbótum
Trú á eigin námsgetu	Meiri kynning á verkefnum fyrir aðra. Leggja meiri áherslu á hópavinnu.
Enn eru nemendur ekki með nógu góða trú á eigin námsgetu og er að koma verr út en áður.	
Þrautseigja í námi	Láta nemendur klára öll verkefni. Láta nemendur fá verkefni við hæfi: - Áhugasviðsverkefni
Því miður hefur ekki orðið nein breyting á þessum þætti og því verður hann til endurskoðunar hjá okkur.	
Samband nemenda við kennara	Að kennarar líti í eigin barm. Að kennarar haldi bekkjarfundi með nemendum og ræði ástandið, og fái að vita hvernig bæði kennarar og nemendur geti bætt sig.
Þessi þáttur ekki vel út í október og mun námsráðgjafi ásamt kennurum fara betur yfir það hvað er að gerast. Þetta er ekki upplifun kennara að málin standi svona.	
Þriðjungur foreldra hefur ekki skoðað heimasíðu skólans.	Kynna heimasíðuna vel á skólasetningu, sýna hana og segja frá því hvaða upplýsingar fólk getur fundið.
Þessi þáttur kemur því miður alltaf illa þrátt fyrir að síðan sé kynnt fyrir foreldrum en það kann líka að skýrast að því að skólinn er með mjög öflugan facebook síðu og foreldrar eru mjög duglegir að skoða hana. Einnig er heimasíðuna gömul og eiginlega barn síns tíma og er ný heimasíða í vinnslu og vonandi breytist þessi þáttur til hins betra þegar hún er komin í loftið.	

## Innra mat

### Nemendur

Í upphafi skólaárs 2015-2016 voru 23 nemendur. Skiptingin á milli bekkja er sem hér segir:

Bekkur	Fjöldi	Stúlkur	Drengir
1	6	6	0
2	1	1	0
3	1	0	1
4	1	0	1
5	3	3	0
6	6	4	2
7	1	1	0
8	4	4	0
9	0	0	0
10	0	0	0
Samtals:	23	19	4

Kennt er í tveimur bekkjardeildum, 1.-3.- og 4.-8. bekk og því er mikil samkensla við skólann. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:00 og er 1.-4. bekkur búinn kl. 12:30 en aðrir nemendur eru eitthvað fram eftir degi. Lengst er kennt til kl. 15:00 hjá 5.-8. bekk.

Mötuneyti er við skólann. Nemendum er boðið að kaupa hádegisverð fimm daga vikunnar og er hann eldaður og framreiddur frá leikskólanum. Nemendum er einnig boðið upp á að kaupa mjólk. Í skólanum er að auki lögð mikil áhersla á hollt og gott nesti og til að stuðla að aukinni vatnsdrykkju hefur skólinn séð nemendum fyrir vatnsbrúsum.

Nemendur í 7.-8. bekk eiga kost á valgreinum. En sökum fæðar hafa nemendur farið í þær greinar sem eru í boði hverju sinni. Það sem hefur verið boðið upp á: kór, listir, námstækni,

þýska, textílmennt, heimilisfræði, Fablab, margmiðlun og auka aðstoð í íslensku og stærðfræði.

Nemendur taka virkan þátt í ákveðnum ákvörðunum gagnvart skólanum. Tveir nemendur sitja í skólaráði og taka þátt meðal annars í að yfirfara og samþykkja starfsáætlun skólans og skóladagatal. Einnig geta þeir lagt mál fyrir skólaráð ef þeim finnst það þurfa. Nemendur geta líka valið sér verkefni í áhugasviðstímum.

## Námsráðgjöf

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 segir um náms- og starfsráðgjöf:

*Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðiþjónustu skóla. Náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla felst í því að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Mikilvægt er að nemendur fái aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeint þeim við áframhaldandi nám og starf. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi .*

## Hlutverk náms- og starfsráðgjafa eru:

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans og vinnur í nánu samstarfi við umsjónarkennara og aðra starfsmenn skólans auk skólasálfræðings og fleiri sérfræðinga er koma að málefnum nemenda.

Námsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur skólans og umsjónarkennara að því að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, sem varða námið, líðan þeirra í skólanum og fleira.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta bókað viðtöl hjá námsráðgjafa í gegnum síma eða netpóst. Nemendur geta einnig bankað upp á eða fengið aðstoð foreldra/forráðamanna eða kennara við að bóka viðtal. Einnig geta stjórnendur skólans og kennarar vísað málum til hans.

#### **Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:**

- Veita ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur.
- Veita ráðgjöf varðandi náms- og starfsval.
- Veita persónulega ráðgjöf og stuðning.
- Þjóða uppá áhugasviðskannanir í 10. bekk.
- Veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um framhaldsnám.
- Vinna að eineltismálum í samvinnu við umsjónarkennara og annað starfslíð skólans.
- Standa vörð um velferð nemenda og er trúnaðarmaður og málsvari þeirra.

#### **Ráðgjöf fyrir alla nemendur**

Lögð er áhersla á að ráðgjöfin stendur öllum nemendum grunnskólans til boða. Nemandinn sjálfur eða foreldrar hans geta óskað eftir viðtali hjá náms- og starfsráðgjafa en auk þess geta umsjónarkennarar, skólastjórnendur og nemendaverndarráð vísað nemendum í viðtöl.

#### **Trúnaður**

Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu varðandi allar upplýsingar sem hann fær varðandi mál einstakra nemenda eða nemendahópa. Náms- og starfsráðgjafi hefur jafnframt tilkynningaskyldu skv. barnaverndarlögum.

#### **Náms- og starfsráðgjafi er Jónína Hrönn Símonardóttir**

Netfang: joninasi@isafjordur.is

Viðtalstímar í Grunnskóla Önundarfjarðar fyrsta mánudag í mánuði.

Náms- og starfsráðgjafi hefur starfsaðstöðu á bókasafni skólans.



## Félagslíf og tómstundir nemenda

Nemendur í 8. bekk fara í félagsmiðstöðina á Ísafirði einu sinni í viku og eru einu sinni í viku á Flateyri. Nemendum er síðan boðið stöku sinnum á böll á Ísafirði. Nemendur allra bekkja fá eitt bekkjarkvöld yfir skólaárið og svo er ball eftir árshátíðina fyrir alla bekki. Íþróttafélagið Grettir hefur einnig verið með starf fyrir börnin. Meirihluti barna sækir tónlistarnám.

## Námsárangur

Meðaltal síðustu ára í samræmdum prófum. Miðað er við landsmeðaltalið 30.

Ísl 4. B	Stæ 4.b	Ísl 7.b	Stæ 7.	Ísl 10.b	Stæ 10.b	Ens 10.b
29,25	29,1	22,2	26	26	23,7	27,9

## Ábyrgð nemenda á eigin námi

Á yngsta stigi vinna nemendur í 2.-3. bekk sjálfstætt eftir áætlun í íslenskutímum. Á mið- og unglíngastigi vinna nemendur eftir vikuáætlunum í stærðfræði og dönsku. Nemendur sem eru í ensku fara í gegnum bækurnar á sínum hraða en eiga þó að klára visst á réttum tíma.

## Mat rýnihóps kennara

Á kennarafundi þann 18. nóvember 2015 var farið yfir ofangreinda þætti og eru kennarar mjög ánægðir með að það sé kominn námsráðgjafi við skólann sem hefur ekki verið í mörg ár og mikil þörf fyrir hann vegna útkomu Skólalámsins. Kennarar myndu vilja sjá meira íþrótt- og tómstundastarf fyrir börnin en Íþróttafélagið Grettir hefur þó reynt að bæta úr því með íþróttaskóla tvisvar í viku fyrir 4-8. bekk og einu sinni í viku fyrir 1.-3. bekk. Kennurum finnst vanta að foreldrar taki meiri þátt í námi barna sinna og oft erfitt að fá þá til samstarfs þegar nemendur þurfa að vinna upp námið heima. Námsárangur nemenda í samræmdum prófum er ekki alveg nógu góður. Árangur 4. bekkinga er sæmilegur en dalar þegar komið er upp í 7.- og 10. bekk. Ef við reynum að greina ástæðurnar fyrir þessu þá vitum við vegna fámennis nákvæmlega hvaða börn eru á bakvið þessar tölur og getum því útskýrt þær með því að í 4. bekk eru 30% nemenda með námsörðugleika, og í 7.- og 10. bekk 40% sem er einstaklega hátt hlutfall miðað við landið en þar er miðað við að 10-11% nemenda eigi í námsörðugleikum.

## Starfsfólk og starfsmannastjórnun

### Skólastjóri

María Hrönn Valberg.

### Kennarar

Réttindahlutfall kennara við skólann hefur verið mjög hátt, um 80% undanfarin ár. 2 kennarar eru í fullu starfi, tónmenntakennari, íþróttakennari og danskennari eru í hlutastarfi sem er samtals 57,6% stöðugildi. Kennarar eru á aldrinum 29-61 árs.

Stöðugildi til kennslu eru 3,152 og kennslustundir á viku skólaárið 2015-2016 eru 78.

### Annað starfsfólk

75% stöðugildi skólaliða er sinnir einnig ræstingu.

### Tölulegar upplýsingar um starfsfólk

Háskólamenntun	Önnur menntun
4	3

Kvenkyn	Karlkyn
6	1

### ***Samvinna starfsfólks***

Starfshópurinn er fámennur og því kannski ekki mikil samvinna í fögum, heldur er mikil samvinna og samræða um allt skólastarfið og ákveðin verkefni. Edda og Guðmunda vinna oft saman og tengja þá saman verkefni í náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikill samhugur er í starfsfólki skólans og mikill vilji til að hlúa að skólastarfinu sem best. Árshátíðin er gott dæmi um það. Allir starfsmenn skólans vinna að henni á einn eða annan hátt og leggja mikið á sig til að vanda til verksins og oft unnið lengur en vinnutíminn segir til um.

## Mat rýnihóps kennara

Á kennarafundi þann 16. mars 2016 var farið yfir ofangreinda þætti og það sem kom helst fram er að kennarar myndu vilja sjá kynjahlutfallið jafnara en einungis einn karlmaður starfar við skólann og er hann eingöngu í íþróttahúsi. Kennurum finnst gott samstarf á milli kennara þvert á fögin og vinna oft að sameiginlegum verkefnum en finnst þó oft erfitt að vinna einir með sín fög. Kennarar þekkja öll börnin vel og hægt að taka strax á þeim vandamálum sem koma upp því þau eru rædd um leið. Einn af hápunktum vetrarins er árshátíðarvinnan og þó svo hún sé oft erfið og tímafrek þá er hún svo vel þess virði þegar að kvöldinu kemur og þá er mjög ánægjulegt að sjá viðbrögð áhorfenda, sérstaklega foreldra sem hafa komið stundum með tárin í augunum til að þakka fyrir sýninguna og eru í skýjunum með frammistöðu síns barns. Og að lokum er augljós gleði nemenda eftir vel unnið starf.

## Ytra mat

### Skólapúlsinn 2015-16

#### Nemendakönnun í október

Nemendakönnun var lögð fyrir 6.-8.bekk af Skólapúlsinum í lok október 2015. Þar svöruðu nemendur margvíslegum spurningum um nám og líðan í skólanum. Niðurstöður könnunarinnar voru skoðaðar og lesið út úr þeim til að sjá hvar nemendur okkar standa miðað við aðra á landinu.

Ef mælingin fyrir nýjasta mánaðarúrtak skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan landsmeðaltal miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins innan sviga í bláum stöfum (+/- X,XX). Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin landsmeðaltali er munurinn ekki birtur. Upplýsingar um marktækan munur koma einnig fram í myndritum þannig að ef mánaðargildi er marktækt frábrugðið landsmeðaltali er það stjörnumerkt. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Staða skólans í október miðað við landsmeðaltal.

### 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Staða	N	Landið	N	Mismunur
<b>1.1. Ánægja af lestri</b>	5,5	10	5,1	6.499	0,4
<b>1.2. Þrautseigja í námi</b>	3,5	10	5,2	6.486	<b>-1,7</b>

Matsþættir	Staða	N	Landið	N	Mismunur
<b>1.3. Áhugi á stærðfræði</b>	4,7	10	5,3	6.485	-0,6
<b>1.4. Ánægja af náttúrufræði</b>	5,4	10	5,2	6.461	0,2
<b>1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi</b>	4,1	10	5,3	6.482	<b>-1,2</b>
<b>1.6. Trú á eigin námsgetu</b>	4,4	10	5,1	6.465	-0,7

## 2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
<b>2.1. Sjálfsálit</b>	3,6	10	5,1	6.468	<b>-1,5</b>
<b>2.2. Stjórn á eigin lífi</b>	3,7	10	5,0	6.469	<b>-1,3</b>
<b>2.3. Velliðan</b>	3,4	10	5,0	6.474	<b>-1,6</b>
<b>2.4. Einelti</b>	6,0	10	5,1	6.471	0,9
<b>2.5. Tíðni eineltis</b>	20,0%	2 <sub>/10</sub>	11,1%	731 <sub>/6432</sub>	8,9%
<b>2.6. Staðir eineltis</b>	-	2	-	-	-
<b>2.7. Hreyfing</b>	50,0%	5 <sub>/10</sub>	71,3%	4537 <sub>/6386</sub>	-21,3%
<b>2.8. Hollt mataræði</b>	4,5	10	5,0	6.453	-0,5

### 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
<b>3.1. Samsömun við nemendahópinn</b>	3,9	10	5,1	6.451	<b>-1,2</b>
<b>3.2. Samband nemenda við kennara</b>	4,2	10	5,2	6.439	<b>-1,0</b>
<b>3.3. Agi í tímum</b>	6,2	10	5,2	6.442	1,0
<b>3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum</b>	5,3	10	5,3	6.425	0,0
<b>3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu</b>	4,0	10	5,1	6.189	-1,1

#### Niðurstaða í október:

Í heildina kom Skólapúlsinn ekki vel út og er það áhyggjuefni.

**Mat rýnihóps kennara :** Viðmið kennara eru að nemendur séu annaðhvort við landsmeðaltal eða ofar eða neðar eftir því hvað um er spurt, þ.e.a.s. að ef um er að ræða kvíða þá vilja kennarar ekki að nemendur sé ofar en landsmeðaltal en með áhuga á stærðfræði þá er gott að vera yfir landsmeðaltali. Niðurstaða október kom okkur í opna skjöldu og ef við leitum skýringa þá er það helst sem kemur upp í hugann að nemendahópurinn er breiður sem er saman hjá okkur í samkenntu eða 4.-8.bekkur og því finnst nemendum kannski ekki að þeir nái samsömun við nemendahópinn. Einnig hafa námsörðugleikar og vanlíðan mikil áhrif.

## Nemendakönnun í apríl

Nemendur tóku aftur könnunina í apríl og eru svo niðurstöðurnar reiknaðar saman með niðurstöðum októberkönnunarinnar.

### 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
<a href="#">1.1. Ánægja af lestri</a>	5,5	19	5,0	15.547	0,5
<a href="#">1.2. Þrautseigja í námi</a>	3,4	19	5,1	15.538	<b>-1,7</b>
<a href="#">1.3. Áhugi á stærðfræði</a>	4,6	19	5,2	15.534	-0,6
<a href="#">1.4. Ánægja af náttúrufræði</a>	5,2	19	5,1	15.499	0,1
<a href="#">1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi</a>	3,7	19	5,2	15.531	<b>-1,5</b>
<a href="#">1.6. Trú á eigin námsgetu</a>	4,1	19	5,1	15.499	<b>-1,0</b>

### 2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
<a href="#">2.1. Sjálfsálit</a>	3,6	19	5,1	15.504	<b>-1,5</b>
<a href="#">2.2. Stjórn á eigin lífi</a>	3,7	19	4,9	15.498	<b>-1,2</b>
<a href="#">2.3. Vellíðan</a>	3,4	19	5,0	15.496	<b>-1,6</b>
<a href="#">2.4. Einelti</a>	5,6	19	5,1	15.500	0,5

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
<a href="#">2.5. Tíðni eineltis</a>	15,8%	3 <sub>/19</sub>	11,4%	1745 <sub>/15430</sub>	4,4%
<a href="#">2.6. Staðir eineltis</a>	-	3	-	-	-
<a href="#">2.7. Hreyfing</a>	63,2%	12 <sub>/19</sub>	71,7%	10958 <sub>/15288</sub>	-8,5%
<a href="#">2.8. Hollt mataræði</a>	4,6	19	4,9	15.459	-0,3

### 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
<a href="#">3.1. Samsömun við nemendahópinn</a>	3,7	18	5,1	15.451	<b>-1,4</b>
<a href="#">3.2. Samband nemenda við kennara</a>	4,0	19	5,1	15.439	<b>-1,1</b>
<a href="#">3.3. Agi í tímum</a>	5,6	19	5,1	15.446	0,5
<a href="#">3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum</a>	4,7	19	5,2	15.414	-0,5
<a href="#">3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu</a>	3,5	19	5,0	14.853	<b>-1,5</b>

**Mat rýnihóps kennara :** Viðmið kennara eru að nemendur séu annaðhvort við landsmeðaltal eða ofar eða neðar eftir því hvað um er spurt, þ.e.a.s. að ef um er að ræða kvíða þá vilja kennarar ekki að nemendur sé ofar en landsmeðaltal en með áhuga á stærðfræði þá er gott að vera yfir landsmeðaltali. Niðurstaða apríl er í takt við október og ef við leitum skýringa þá er það helst sem kemur upp í hugann að nemendahópurinn er breiður sem er saman hjá okkur í samkenndu eða 4.-8.bekkur og því finnst nemendum kannski ekki að þeir nái

samsömun við nemendahópinn. Einnig hafa námsörðugleikar og vanlíðan mikil áhrif. Kennarar hafa miklar áhyggjur af niðurstöðunum og telja nauðsynlegt að fá enn frekari aðstoð næsta haust frá námsráðgjafa sem hefur hitt nemendur einu sinni í mánuði eftir áramótin og einnig fá aðstoð frá félagsráðgjafa í samráði við foreldrafélagið.

### Úrbótaáætlun

Verkefni	Leiðir að úrbótum
Trú á eigin námsgetu	Meiri kynning á verkefnum fyrir aðra. Leggja meiri áherslu á hópavinnu. Námsráðgjafi vinnur sérstaklega með hópinn og einnig einstaklingslega.
Prautseigja í námi	Láta nemendur klára öll verkefni. Láta nemendur fá verkefni við hæfi: Áhugasviðsverkefni. Námsráðgjafi.
Samband nemenda við kennara	Að kennarar líti í eigin barm. Að kennarar haldi bekkjarfundi með nemendum og ræði ástandið, og fái að vita hvernig bæði kennarar og nemendur geti bætt sig. Láta nemendur gera útbótaáætlun, bæði fyrir kennara og þá sjálfa.
Könnunin í heild	Ræða við nemendur um könnunina, senda foreldrum niðurstöðurnar svo þeir geti einnig rætt við börn sín, sérstaklega þættina um líðanina. Fá aðstoð frá náms- og félagsráðgjafa.

### Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar 2016. Spurningar könnunarinnar lutu að því hvort foreldrar eru almennt ánægðir með skólann, stjórnun, nám, heimanám og fleiri aðra þætti.

Helstu niðurstöður eru að ánægja foreldra er á pari við landsmeðaltal með nám og kennslu við skólann og hefur hækkað um 0,8 stig síðan í fyrra. Foreldrum finnst nám við skólann vera í takt við grunnstoðir aðalnámskrár og einnig er mikil ánægja foreldra með stjórnun skólans. Skólinn fylgist grannt með námsárangri og foreldrar eru ánægðir með það. 100% foreldra finnst námsefnið vera við hæfi barna sinna. Tæp 82% foreldra finnst aginn í skólanum vera hæfilegur. Meirihluti foreldra finnst lögð hæfileg áhersla á námsmat með hefðbundnum prófum og einnig að lögð sé hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf.



Almenn ánægja er með samskipti starfsfólks við nemendur. Aðrir þættir er tengjast velferð nemenda hafa batnað síðan í fyrra. Umfang eineltis að mati foreldra er 0%.

Foreldrar eru ekki ánægðir með aðstöðu nemenda í skólanum og er það líklegast vegna skólalóðar og smíðastofu. Leikskólinn bauð í fyrsta skipti í vetur upp á dægradvöl eftir skóla og var hún vel nýtt og mikil ánægja með hana og var þessi þáttur einu stigi yfir landsmeðaltali. Flest börn nýta sér skólamötuneytið eða 91,7% og var 100% ánægja með mötuneytið.

Foreldrar telja að kennarar eigi frekar frumkvæði að foreldrasamstarfi og var almennt mikil ánægja með síðasta foreldraviðtal. Allir foreldrar telja mjög mikilvægt að þeir geri námsáætlun með börnum sínum. Rétt rúm 77% foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans sem er það sama yfir landið en þess má geta að allflestir foreldrar fylgjast vel með facebooksíðu skólans.

Skólinn leggur mikla áherslu á að nemendur ljúki við verkefnin sín í skólanum og því kom það ekki á óvart að þátturinn er lýtur að hjálp við heimanám er 17,3% undir landsmeðaltali. Flestir foreldrar telja sína eigin getu til að aðstoða barnið sitt við námið ekki nógu góða og eru -1,3 stigi yfir landsmeðaltali. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns er 12,7% yfir landsmeðaltali sem er viðsnúningur frá fyrra ári.

**Mat rýnihóps kennara:** *Eftir að hafa lesið úr niðurstöðunum eru kennarar almennt ánægðir með útkomuna. Þó kemur á óvart að niðurstöðurnar eru ekki samhljóma við nemendakönnunina hvað varðar tengsl við starfsfólk og umfang eineltis.*

### Úrbótaáætlun

<i>Verkefni</i>	<i>Leiðir að úrbótum</i>
Ekki næg geta til aðstoða börn sín við námið	Finna út hvaða námskeið foreldrar myndu vilja fá og bjóða upp á þau.

## **Starfsmannakönnun**

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2016. Könnunin leiddi í ljós að mikil ánægja var með starfsmannaviðtöl og gagnsemi þeirra. Helstu niðurstöður hennar eru þær að hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna er 83,3%. Starfsánægjan í skólanum er góð og mælist nú 0,7 stigi yfir meðaltali og starfsandinn innan skólans 1,5 stigi yfir landsmeðaltali. Ánægja starfsfólks með upplýsingastreymi innan skólans hefur staðið í stað og mælist 1,9 stigi yfir landsmeðaltali. Starfsmenn eru mjög ánægðir með stjórnun skólans eða 1,8 stigi yfir landsmeðaltali. Ánægja starfsfólks með starfsaðstöðuna í skólanum er 2,2 stigum yfir landsmeðaltali.

**Mat rýnihóps kennara:** *Eftir að hafa lesið úr niðurstöðunum eru kennarar mjög sáttir og eru niðurstöður þessarar könnunar í samræmi við niðurstöður starfsmannakönnunar Ísafjarðarbæjar er sneri að litlu skólunum. Starfsfólki skólans líður vel í skólanum og starfsandinn er góður.*

## **Endurmenntun**

Endurmenntun kennara hefur í vetur að mestu leyti falist í innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi og forritunarkennslu. Einnig hafa kennarar sótt hin ýmsu námskeið, bæði að eigin frumkvæði og skólans.

## **Áform um þróunar- og nýbreytnistarf**

Skólar Ísafjarðarbæjar munu vinna saman að námskrá í upplýsingartækni og forritunarkennslu. Við vinnum mikið með grunnskólunum á Suðureyri og Þingeyri og hafa starfsdagar verið teknir frá í þessa vinnu á næsta skólaári. Einnig er stefnan tekin á að koma upp menntabúðum hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar þar sem starfsfólk skólanna kenna hvort öðru og nýta þannig þekkingu heimafólksins

## Áætlun um sjálfsmat 2016-2020

Hér fyrir neðan má sjá hvaða þætti á að skoða til ársins 2019, bæði innra og ytra mat.

	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Haustönn	Aðbúnaður Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.- , 7.- og 10. bekk	Ytri tengsl Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-, 7.- og 10. bekk	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-, 7.- og 10. bekk	Nám og kennsla Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-, 7.- og 10. bekk
Vorönn	Stjórnun Skólapúlsinn	Samantekt og mat á árangri skólastarfsins Skólapúlsinn	Stefna og markmið Skólapúlsinn	Námsmat Skólapúlsinn